

**Nd.**

**1089. Nefndarálit**

[457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Að mati undirritaðs eiga fyrirtæki og aðrir, sem á lánsfé þurfa að halda, að semja um lántökur erlendis sjálfir, beint eða með milligöngu viðskiptabanka. Að þessu leyti er því Framkvæmdasjóður Íslands orðinn óþarfur og mætti fella lagaákvæði um hann úr gildi.

Í grg. með frv. er hins vegar greint frá því að sjóðurinn hafi stofnað til mikilla skuldbindinga erlendis með löngum lánum og ef sjóðurinn yrði formlega lagður niður gæti það valdið **óróa** hjá lánveitendum sem e. t. v. teldu sér heimilt að gjaldfella lánin nú þegar.

Þótt það sé reyndar skoðun undirritaðs að **takmarkalaus rósemi erlendra lánardrottna** kunnri að reynast Íslendingum dýrkeypt fellst hann á röksemdir í grg. vegna eldri skuldbindinga. Hins vegar telur hann enga ástæðu til að framlengja lántökuhlutverk sjóðsins.

Í brtt. á sérstöku þskj. leggur undirritaður til að sjóðurinn verði færður undir stjórn fjármálaráðuneytis og gætt verði þeirra skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar en látið af frekari lántökum.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,  
fundaskr.